

## Samráðshópur um uppbyggingu miðbæjar Selfoss

1.fundur haldinn 2.nóvember 2022 í Bankanum vinnustofu

Mætt: Bragi Bjarnason, Fjóla St. Kristinsdóttir, Sigurjón Vídalín og Arnar Freyr Ólafsson frá Árborg. Guðjón Arngrímsson, Sigurður Þór Sigurðsson og Vignir Guðjónsson frá Sigtúni Þróunarfélagi (SÞ). Einnig sat fundinn Rúnar Guðmundsson, skipulagsfulltrúi Svf. Árborgar.

Bragi fer yfir forsendur og markmið hópsins. Rætt um verkefnið í heild sinni og allir sammála að það skipti máli að uppbygging miðbæjarins geti haldið áfram og framkominn tillaga sé áhugaverð.

Farið yfir hvað hafi breyst hjá Sigtúni Þróunarfélagi sem kalli á þessar breytingar. Fram kom hjá Guðjóni að reynsla eftir opnun fyrsta áfanga hafi fengið þá til að endurskoða seinni áfanga. Þá hafi komið fram hugmyndir að bættri tengingu miðbæjarins við Sigtúnsgarð og fjölgun opinna svæða innan miðbæjarins. Hugmyndin væri að bæta heildarmynd miðbæjarins og tengingu hans við nærliggjandi svæði.

### Rætt um tímalínu samráðshópsins og lagt upp með eftirfarandi:

- Tillagan verði lögð fyrir skipulags- og bygginganefnd og bæjarstjórn í nóvember 2022 með upplýsingum um vinnuferlið, íbúakönnun o.fl
- Umsagnarfrestur væri fram á byrjun árs 2023
- Eftir úrvinnslu á athugasemdum færi tillagan aftur fyrir skipulags- og bygginganefnd og bæjarstjórn
- Ráðgefandi íbúakönnun um tillöguna er áætluð í febrúar 2023
- Eftir íbúakönnun færi tillagan aftur til afgreiðslu í skipulags- og bygginganefnd og bæjarstjórn
- Verði endanleg tillaga samþykkt í bæjarstjórn er hún send til staðfestingar hjá Skipulagsstofnun

Rætt sérstaklega um Sigtúnsgarðurinn, tenginguna við miðbæinn, áhrif þessarar tillögu og hvernig hann muni geta nýst til framtíðar ásamt öðrum grænum svæðum í sveitarfélaginu. Ákveða þarf farveg á endurskoðun hönnunar Sigtúnsgarðs og meta hvort það sé skynsamlegt að vinna að því samhliða.

Farið yfir aðra þætti sem þarf að svara og leysa í vinnuferlinu

- Viðauki við samkomulag Árborgar og SÞ vegna aukins svæðis sem fer undir byggingar í miðbænum. Verðmat og fleira sem þarf að skoða undir þeim þætti
- Raun byggingamagn ofan- og neðanjarðar
- Aðgengi vegna almennrar þjónustu í miðbænum, snjómokstur o.fl.
- Áætlun um arðsemisaukningu með breyttri tillögu og auknu byggingamagni
- Bílastæðamál en gert er ráð fyrir um 350 stæðum í nýju tillögunni (hluti í bílakjallara). Rætt um hugmyndir til að nýta bílastæðin sem best
- Sorphirða, djúpgámalausnir
- Rekstrarsamningur vegna opinna svæða eftir að uppbyggingu lýkur

Fleira ekki rætt og næsti fundur ákveðin mið. 16.nóvember kl. 14:00